

Velkomin í leikskólann

Foreldrahandbók





## Ágætu foreldrar

Um leið og við bjóðum barnið og ykkur velkomin til samstarfs í leikskólanum viljum við gefa upplýsingar um ýmis atriði sem tengd eru starfsemi leikskólans og nauðsynlegt er fyrir foreldra að vita.

## Að byrja í leikskóla

Góð samvinna og gagnkvæmur trúnaður foreldra og starfsfólks leikskóla er forsenda þess að leikskóladvölin verði barninu ánægjuleg og árangursrík. Mikilvægur þáttur í þessari samvinnu er aðlögun, þar sem lagður er hornsteinn að góðu samstarfi foreldra og starfsfólks leikskóla. Þegar barn byrjar í leikskóla er nauðsynlegt að hafa í huga þær breytingar sem það hefur í för með sér fyrir barnið. Barnið þarf að aðlagast nýju umhverfi, kynnast starfsfólki og börnum, læra að vera í hóp, hlíta reglum og fleira. Það er einstaklingsbundið hve langan tíma aðlögun tekur en gengið er út frá 3 dögum. Deildarstjóri og foreldrar ræða saman um tilhögun aðlögunarinnar og mikilvægi þess að annað foreldri dvelji með barninu í upphafi. Á þessu tímabili kynnast barn og foreldrar starfsfólki leikskólans og starfsemi hans. Hafi barnið verið fjarverandi um lengri tíma gæti þurft að endurtaka aðlögunina.

## Leikskólinn Geislabaugur

Leikskólinn Geislabaugur tók til starfa í júlí 2004 og mættu fyrstu börnin í aðlögun þann 19. júlí. Leikskólinn var vígður og honum gefið nafn við hátíðlega athöfn þann 13. ágúst.

Reykjavíkurborg keypti húsið af einkaaðilum sem byggðu það og ráku hér einkarekinn leikskóla um tíma. Húsið er 860m<sup>2</sup> að flatarmáli og að hluta á tveimur hæðum. Töluverðar endurbætur voru gerðar á húsinu strax og var eldhús t.d. alveg endurnýjað. Fataherberginu var einnig gjörbreytt og útisvæðið var endur skipulagt.

Í byrjun voru starfræktar fjórar deildir með samtals 90 börnum, en sumarið 2005 var bætt við fimmtu deildinni á efri hæðinni og henni breytt samkvæmt því.

Sex deildir eru starfandi, þar dvelja samtals 137 börn.

Stöðugildi í leikskólanum eru 31 miðað við 137 börn.

### Dvalartími

Leikskólinn er opinn frá 7:30 - 17:00

Dvalartími barna er frá 6 - 9,5 tímum. Leikskólinn er einsetinn og mæta því öll börn á morgnana og eru mislangt fram á daginn.

Það er góð regla að mæta alltaf á réttum tíma í leikskólann. Þeir sem mæta seint gætu misst af einhverju skemmtilegu sem er að gerast og það getur verið erfitt fyrir barn að koma þegar vinirnir eru komnir af stað í leik.

Ekki er leyfilegt að koma með börnin milli 11 og 13 ( nema með sérstöku leyfi deildarstjóra) Þá er matartími og hvíld í húsinu og ef börnin eru ekki komin fyrir 11:00 þá er ekki gert ráð fyrir að þau séu í mat.

Deildarskipting

Geislabaugur er sex deilda leikskóli og eru einn til þrjár árgangar á hverri deild.

**Deildirnar eru:**

**Stjarnan:** 20 börn,

**Lindin:** 22 börn

**Lautin:** 26 börn

**Sólin:** 27 börn

**Fjallið:** 24 börn

**Tunglið :** 19 börn

## Almennar upplýsingar

### Tilkynningar um fjarvistir og breytta hagi

Nauðsynlegt er að tilkynna breytingar á högum og aðstæðum s.s. veikindi, fjarveru foreldra, nýtt heimilisfang, símanúmer, námslok námsmanna og breytta hjúskaparstöðu.

- ◆ Ef barnið vill ekki koma í leikskólann er nauðsynlegt að láta starfsfólk vita svo hægt sé að finna orsökina og vinna með barnið.
- ◆ Ef aðrir en foreldrar sækja börnin er af öryggisástæðum nauðsynlegt að láta starfsfólk vita. Athugið, börnum undir 12 ára aldri er ekki heimilt að sækja börn í leikskólann.
- ◆ Óski foreldrar eftir að barn taki frí í leikskólanum utan sumarleyfis er það heimilt.

### Uppsagnarfrestur - breytingar

Leikskólalássi þarf að segja upp með eins mánaðar fyrirvara miðað við 1. eða 16. hvers mánaðar. Tilkynna skal leikskólastjóra uppsögnina skriflega. Eyðublöð er hægt að nálgast hjá leikskólastjóra. Greiða skal gjald fyrir plássið út uppsagnarfrestinn, þó að barnið hafi hætt fyrr.

Þegar foreldrar óska eftir breytingu á dvalartíma barns í leikskólanum hafa þeir samband við leikskólastjóra og kynna sér möguleikana sem eru fyrir hendi.

Reynt er að koma til móts við óskir foreldra um breytingar en ekki er víst að alltaf sé hægt að verða við þeim.

### Leikskólagjöld

Leikskólagjöld eru innheimt fyrirfram og er eindagi 30 dögum eftir gjalddaga. G Systkina afsláttur er 75% af námsgjaldi en þriðja og fjórða systkinið nýtur 100% afsláttar af námsgjaldinu.

## Veikindi barna

**Leikskólar eru ætlaðir frískum börnum.** Veikist barn skal það dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í a.m.k. 1 sólarhring. Þegar barnið kemur aftur í leikskólann eftir veikindi getur það fengið að vera inni 1-2 daga. Ef þörf er á fleiri innidögum vegna veikinda eru foreldrar beðnir að hafa samband við deildarstjóra á deild barnsins. Trúnaðarlæknir leikskólans er Katrín Davíðsdóttir

## Óhöpp og slys/tryggingar

Í barnahópi geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt kemur fyrir er strax haft samband við foreldra og farið með barnið á slysadeild ef þörf er talin á því.

Þurfi starfsmenn eða foreldrar að fara með börn á slysadeild úr leikskólanum greiðir leikskólinn fyrstu heimsókn en síðan foreldrar eða forráðamenn ef þörf er á frekari meðferð.

Reykjavíkurborg er með tryggingu fyrir öll börn sem eru í leikskólum, grunnskólum og námsskeiðum á vegum borgarinnar. Þetta er svonefnd slysatrygging skólabarna en henni er fyrst og fremst ætlað að mæta stærri áföllum. Skilmálar eru í aðalatriðum þeir að allir skráðir nemendur eru tryggðir á skólatíma, á leið í og úr skóla og í ferðalögum á vegum skólans.

## Foreldrasamstarf

Mikilvægt er að góð samvinna takist strax í byrjun milli foreldra barnsins og starfsfólks þar sem gagnkvæm samvinna og trúnaður þeirra á milli er forsenda þess að barninu líði vel. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru nauðsynlegar því oft geta lítil atvik í lífi barnsins valdið breytingum á hegðun þess.

Foreldrar eru velkomnir í leikskólann til þess að taka þátt í því starfi sem þar fer fram, í samráði við starfsfólk. Þeir eru sérstaklega boðnir í foreldrakaffi, í foreldrasamtöl, á foreldrafundi, og aðrar skipulagðar uppákomur sem í boði eru.

**Foreldrar þurfa að láta starfsfólk vita þegar komið er með barnið í leikskólann og þegar það er sótt. Þetta er mikilvægt öryggisatriði fyrir barnið og starfsfólk.**

## Foreldrafélag Geislabaugs

Foreldrafélag Geislabaugs var stofnað 25. janúar 2005. Í stjórn félagsins eru 9 foreldrar.

Aðalfundur er haldinn á haustin ár hvert. Vetrarstarf leikskólans er kynnt á sama tíma og því mikilvægt að foreldrar mæti á aðalfund.

Foreldrar greiða 2 sinnum á ári í sjóð foreldrafélagsins, árgjaldið er 2 x 2.400 krónur og innheimt er 1 september og 1 mars ár hvert.

## Foreldrasamtöl

Foreldrar fá samtali við deildarstjóra þegar barnið byrjar í aðlögun.

Foreldrar eru boðaðir í skipulögð samtöl að lágmarki tvisvar á ári. Þá ræða foreldrar og starfsmaður um þroska, framfarir og hegðun hjá barninu og foreldrar gefa mikilvægar upplýsingar um hvernig barnið er heima. Auk þess geta foreldrar og starfsmenn alltaf óskað eftir samtali ef þurfa þykir.

## Foreldraheimsóknir

Börn og starfsfólk bjóða foreldrum í kaffi og eitthvað meðlæti u.þ.b. 2-3 sinnum á ári. Stundum baka börnin fyrir þessa viðburði, það fer eftir aðstæðum hverju sinni. Einu sinni á ári er afa og ömmu kaffi það er þá með svipuðu sniði.

Foreldrum er boðið að taka þátt í litlu jólnum sem eru haldin hér í salnum okkar. Einnig er haldin vorsýning þar sem foreldrum og öðrum er boðið að koma og skoða myndlist og annan afrakstur barnanna eftir veturinn.

Foreldrum er boðið að taka þátt í skrudgöngu og grillveislu sem haldinn er 16 júní ár hvert í samstarfi við foreldrafélagið.

## Fréttir til foreldra

Á heimasíðu leikskólans eru allar upplýsingar og viðburðir auglýstir. Í fataherbergi eru upplýsingatöflur fyrir hverja deild, þar eru öll skilaboð skrifuð og einnig stuttar skráningar frá starfsemi deildanna. Einnig er reglulega sendur tölvupóstur til foreldra.

Leikskólinn er með heimasíðu. Þar sem finna má ýmsar upplýsingar og myndir frá starfsemi leikskólans. <http://www.geislabaugurinn.is>

## Sýn og stefna Geislabaugs

Einkunnarorð skólans eru: Virðing Gleði Sköpun

Í Geislabaugi leggjum við ríka áherslu á að skapa gott og jákvætt andrúmsloft þar sem börnum og starfsmönnum líður vel og þar sem allir fá tækifæri til að þroska sína góðu eiginleika.

Þar er gott að vera sem gleðin býr og eitt af meginmarkmiðum okkar er að börn og kennarar komi fús og glöð í leikskólann, séu ánægð, njóti dagsins og fari sátt heim að kvöldi. Uppeldisstefna leikskólans er í anda Reggio Emilia.

Við mótum starf okkar miðað við þær aðstæður og umhverfi sem við búum við. Leikskólar Reykjavíkur hafa sett sér það markmið að auka vitund barna, foreldra og starfsfólks um vistvernd og góða umgengni við náttúruna og að umhverfismennt verði fastur liður í uppeldi og menntun leikskólabarna. Við teljum að vistmenning og hugmyndafræði Reggio Emilia geti farið mjög vel saman.

**Bendum ykkur á að lesa námskrá skólans í heild sinni á heimasíðu skólans.**

## Dagskipulag Geislabaugs

kl. 7:30	Geislabaugur opnar - móttaka og róleg stund fram að morgunverði
kl. 8:15 -9:00	Morgunverður
kl. 9:00-11:30	Svæðavinna/útivera/samverustund
kl. 11:30-12:15	Hádegisverður á yngri deildum er kl: 11:30 en 11:45 á eldri deildum.
kl. 12:15-13:00	Hvíld
kl. 13:00-14:45	Svefn/útivera/svæðavinna/samverustund
kl. 14:45-15:30	Hressing á yngri deildum er kl 14:30 en 14:45 á eldri deildum.
kl. 15:30-17:00	Leikur/Útivera
kl. 17:00-	Geislabaugur lokar

Deildirnar hafa svipað dagskipulag og eru að hluta til saman í útiveru. Að öðru leyti eru deildirnar aðskildar í leik og starfi. Starf deildanna tekur mið af aldri barnanna. Á haustin fá foreldrar nánari upplýsingar um deildina sem barnið þeirra er á, þ.e. starf vetrarins, í hvaða hóp barnið er, starfsfólk og fleira.



## Daglegar venjur á Geislabaugi

Mikilvægt er að dagurinn sé eins frá degi til dags, það veitir börnunum öryggi að vita hvað er að gerast í kringum þau.

### Leikur barnanna

Við gefum börnunum góðan tíma til að leika sér.

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins, lífstjáning og gleðigjafi barns.

Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barnsins.

Í leik fá þau tækifæri til að þroskast og vera í samskiptum við önnur börn þannig öðlast þau félagslega færni. Reynsluheimur barnanna birtist í leiknum.

Þau læra hvert af öðru og miðla reynslu sinni og upplifunum til annarra.

### Svæðavinna/Lýðræði

Í svæðavinnu fá börnin að velja sér svæði og verkefni þau eru ca 5-10 í hverjum hóp og einn kennari. Börnin velja sér svæði og verkefni og kennarinn kemur með kveikjur að verkefnum en taka að sjálfsögðu tillit til áhugasviða og hugmyndum barnanna.

Svæðavinnan hefur alltaf ákveðið upphaf og ákveðinn endi.

### Samverustundir

Í samverustund gefst börnum og kennurum tækifæri á að eiga saman notalega stund í ró og næði. Þá er lesið, sungið, spjallað um það sem vekur áhuga hverju sinni.

### Ferðabangsinn

Á hverri deild er ferðabangsi. Hann á heima í bakpoka og hvert barn í leikskólanum fer með hann heim til sín í heimsókn nokkrum sinnum á ári

Ferðabangsanum fylgir dagbók þar sem foreldrar og barn skrá saman viðburði í heimsókninni, síðan er lesið ú dagbókinni fyrir alla í samverustund og barnið hvatt til að segja frá. Þannig tengir ferðabangsinn heimilin við leikskólann.



## Útivera

Útivera er mikilvægur þáttur í uppeldisstarfi leikskólans, og er grófhreyfingum og frjálsum leik þar gert hátt undir höfði. Íslenskt veðurfar getur verið umhleyppingasamt og rysjótt. Þess vegna er börnunum okkar hollt að venjast veðráttunni eins og hún er og því mikilvægt að klæðast í samræmi við það. Sumir foreldrar óska eftir inniveru fyrir börnin sín í því skyni að verja þau gegn veikindum, en það er ekkert sem bendir til þess að börn sýkist frekar í útilofti en innandyra. Börn sem dvelja langdvölum innandyra eru oft kulsælli og viðkvæmari en þau börn sem vön eru útiveru.

## Vettvangsferðir

Markmiðið með vettvangsferðunum er að börnin kynnist sínu nánasta umhverfi og sjái hlutina í víðara samhengi þ.e. ekki bara út frá bókum eða verkefnum innan leikskólans. Við förum mikið í gönguferðir um nánasta umhverfi leikskólans og þá sérstaklega í skóginn okkar upp í hlíðinni, en þar eigum okkar sérstaka skógarrjóður.

## Hvíld

Hæfileg hvíld um miðjan daginn er nauðsynleg til að tryggja andlega og líkamlega vellíðan barna. Hún gefur einnig tækifæri á að skapa hlýju og góð tengsl við hvert einstakt barn og barnahópinn sem heild. Börnin hafa alltaf ákveðinn stað til að hvíla sig á. Í hvíldarstundum er lesin saga eða hlustað á góðan geisladisk og yngri börnin sofna stutta stund.

## Aðlögun

Þegar barnið byrjar fá foreldrar blað þar sem farið er yfir aðlögunarferlið. Þetta er mikilvægur tími fyrir alla til að kynnast og mynda góð tengsl og því gott að gefa aðlögun góðan tíma. Aðlögun tekur 3 daga og eru foreldrar með allan tímann.

## Elstu börnin/ Meistarar

Á haustin byrjum við að vinna sérstaklega með elstu börnin, sem við köllum á Geislabaugi Meistara. Við eflum og styðjum þau á ýmsan hátt með skapandi og meira krefjandi verkefnum en umfram allt leggjum við ríka áherslu á gleði og samkennd í hópunum. Sjá nánar í námskrá elstu barna

## Söngstund/vinastund á föstudögum

Vinastund/uppákomur byrja kl. 9:00 í salnum á föstudögum. Vinastund er sameiginleg söngstund þar sem öll börn og kennarar Geislabaugs koma saman, syngja og dansa.

## Afmælisdagur barnsins

Barnið er miðpunktur dagsins í starfi deildarinnar en ekki er boðið upp á sérstakar veitingar. Á sjálfan afmælisdaginn, eða sem næst honum, Sunginn er afmælisöngur fyrir barnið, það fær kórónu, og það er þjónn dagsins, einnig fær það að velja sérstakan afmælis borðbúnað. Í sameiginlegri söngsund í sal á föstudögum er sungið fyrir öll afmælisbörn vikunnar.

## Desember

Við leggjum áherslu á rólegan og notalegan tíma í þessum annars erilsama mánuði. Aðal áhersla er lögð á jólagjöf barnanna til foreldra sinna, þau búa til gjöfina, kortið og pappírinn en reynt er að gera hana að mestu leiti í nóvember.

Um miðjan desember setjum við upp kaffihús í leikskólanum með heitu kakói og smákökum. Við sækjum okkar eigið jólatré upp í skóginn okkar og fáum jólasveina okkur til aðstoðar. Litlu jólin eru haldin hátíðleg í salnum og hátíðarmatur snæddur á eftir.

Foreldrafélagið sér um að panta jólaleiksýningu í leikskólann í byrjun desember. Einnig hefur foreldrafélagið séð um jólaföndur í desember sem hefur verið mjög vinsælt.

## Hefðir

- Öskudagur við búum til öskudagsbúninga sjálf og höldum ball í salnum á öskudaginn
- Sprengidagur: allir borða saltkjöt og baunir í hádeginu
- Við höldum þorrablót með hefðbundnum þorramat, börnin útbúa kórónur í tilefni dagsins.
- Við höldum upp á 17. júní síðata virkan dag á undan, með sprelli og grillveislu á eftir.
- Vorsýning er haldin í apríl eða maí, þá kynnum við leikskólann okkar og sýnum við listaverk og önnur verk sem börnin hafa gert. Þetta er uppskeruhátíð.
- Afmælisdagur leikskólans er 13 ágúst, en þann dag var leikskólinn vígður og gefið nafn 2004. Við höldum upp á afmælið með pompi og pragt.
- Í desember er hefðbundið jólaball með söng harmonikkuleik og heimsókn jólasveinanna.

- Á Bolludagur fáum við fisk- eða kjötbollur í hádeginu og rjómbollur í síðdegishressingunni.

## Lokaorð

Ágætu foreldrar! Að lokum lestri þessa bæklinga vakna eflaust margar spurningar um starfsemi leikskólans. Við hvetjum ykkur til að spyrja og ræða við okkur um óljós atriði. Einnig viljum við gjarnan heyra ykkar álit á starfsemi leikskólans bæði um það sem ykkur líkar vel og eins það sem betur mætti fara.

Velferð og vellíðan hvers barns er sameiginlegt verkefni og áhugæfni foreldra og starfsmanna leikskólans. Opin og uppbyggileg samskipti eru forsenda fyrir árangursríku foreldrasamstarfi, við getum öll lært hvert af öðru.

Með kærri kveðju og ósk um gott samstarf,  
kennarar í Geislabaugi.

Reykjavík, ágúst 2009  
ábm. Ingibjörg Eyfells leikskólastjóri og  
Þóra Jóna Jónatansdóttir aðst.leikskólastjóri